

Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Fundur nr. 18. Föstudaginn 28. júní 2024

Fundarstaður: Fjarfundur í Teams, kl. 13:00

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir og Páll Baldursson verkefnastjóri Austurbrú.

Dagskrá

1. Staða verkefna og sjóðsins
2. Ársreikningur 2023
3. Breyting á skipulagsskrá
4. Tímasetning aðalfundar 2024
5. Önnur mál

Formaður stjórnar bauð stjórnarmenn velkomna og setti fund.

1. Staða verkefna og sjóðsins

a) Lagt var fram yfirlit yfir stöðu sjóðsins í dag og útistandandi styrki (v. styrktra verkefna 2021, 2022 og 2023) sem ekki hafa skilað lokaskýrslu. Samþykkt að fela verkefnastjóra að ýta á eftir lokaskýrslum og stjórn samþykkir að umsækjendur vegna styrktra verkefna hafi frest til að ljúka verkefnum og skila lokaskýrslu til 31. ágúst 2024, eða geri grein fyrir stöðu verkefnis og fyrirhuguðum skilum á lokaskýrslu.

b) Óskað eftir breytingu á verkefni 20-2023.

Lagt var fram bréf frá umsækjanda að umsókn nr. 20-2023. Stjórn samþykkir að verða við ósk umsækjenda í ljósi þess að um óverulegar breytingar á verkefni er að ræða. Verkefnisstjóra falið að upplýsa umsækjenda.

b) Íslensk verðbréf staðan. Verkefnisstjóra gert að kanna hvort rétt sé að færa sjóðinn frá Íslenskum verðbréfum (raunvextir frá áramótum eru 2,6%) yfir á óbundinn bankareikning með hámarksvöxtum, og stilla upp hvernig staðan er eftir 12 mánuði miða við óbreytta ávöxtum hjá Íslenskum verðbréfum og óbreytta verðbólgu / horfur eftir 12 mánuði.

c) Tímar Austurbrúar 2024. Verkefnisstjóri kynnti fjölda tíma sem hann hefur unnið fyrir Samfélagssjóðinn 2024 og áætlaður kostnaður Austurbrúar vegna umsjónar á Samfélagssjóðnum.

2. Ársreikningur 2023

Lagður var fram ársreikningur Samfélagssjóðs Fljótsdals fyrir árið 2023 unnin af KPMG. Að lokinni yfirferð og umræðum um reikninginn var ársreikningur Samfélagssjóðs 2023 borinn upp til samþykktar. Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og mun staðfesta hann formlega með rafrænni undirritun.

Helstu niðurstöður:

Gjöld: Úthlutaðir styrkir 2023: 7.435.000,- Laun og launatengd gjöld: 1.001.101,- og annar rekstrarkostnaður: 2.144.737,-

(Hærri rekstrarkostnaður skýrist af því að verkefnið Föður framtíð leggur ekki lengur til vinnuframlag)

Tekjur: Úthlutaðir styrkir sem hafa verið felldir niður: 400.000,-

Rekstrarniðurstaða ársins: -8.354.711,-

Eignir sjóðsins í árslok: 28.272.425,-
Skuldir (styrkloforð): 6.854.012,-
Eigið fé í árslok: 21.418.413,-



Verkefnastjóra falið að birta ársreikninginn á heimasíðu Fljótsdals.

3. Breyting á skipulagsskrá

Lögð var fram tillaga um breytingu á skipulagsskrá sjóðsins ásamt greinargerð. Um er að ræða breytingu á 10. og 11. gr. skipulagsskrár sjóðsins.

10. gr. orðist svo:

Einstaklingar, félög og aðrir lögaðilar geta fengið styrki úr sjóðnum óháð búsetu enda uppfylli verkefni sem óskað er eftir að verði styrkt skilyrði sem fram koma í 3. gr. og skilyrði úthlutunarreglna sem stjórn skal setja sjóðnum. Óheimilt er að veita styrki úr sjóðnum áður en stjórn hefur samþykkt úthlutunarreglur. Stjórn er heimilt að endurskoða úthlutunarreglur fyrir árslok ár hvert.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum og ákveður úthlutun til einstakra verkefna og hvernig þeir greiðast til styrkþega.

Komi fram umsókn um styrk að fjárhæð kr. 4.000.000 og hærra skal stjórn leita ráðgjafar utanaðkomandi aðila um afgreiðslu hennar og skal skrifleg umsögn slíks aðila liggja fyrir þegar stjórn tekur ákvörðun um hana. Með sama hætti er stjórn heimilt að leita ráðgjafar utanaðkomandi aðila vegna umsókna um styrk um fjárhæðir undir kr. 4.000.000 telji hún þörf á.

Um fyrirkomulag og fjárhæð styrkja, greiðslu þeirra, auglýsingu, ákvarðanatöku og utanaðkomandi ráðgjöf skal nánar kveðið á um í úthlutunarreglum.

Stjórn ákveður heildarfjárhæð sem er til úthlutunar. Hún skal jafnframt gæta þess að óskerðanlegt stofnfé sjóðsins sé nægjanlegt svo ganga megi frá slitum sjóðsins, þegar og ef sú ákvörðun verður tekin, sbr. 12. grein.

11. gr. orðist svo:

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta. Stjórn sjóðsins skal ráða skoðunarmann (einn eða fleiri) eða endurskoðanda (endurskoðunarfyrirtæki) til að setja upp ársreikninga sjóðsins. Skoðunarmaður eða endurskoðandi sjóðsins má ekki koma úr hópi stjórnarmanna. Ársreikningar sjóðsins skulu staðfestir af stjórn og skoðunarmanni eða endurskoðanda (endurskoðunarfyrirtæki).

Stjórn sjóðsins skal halda opinn ársfund á lögheimili hans fyrir lok apríl ár hvert. Á ársfundinum skal stjórn kynna starfsemi sjóðsins frá síðasta ársfundi, fara yfir ársreikning síðasta starfsárs og fjárhagsætlun yfirstandandi starfsárs. Ársfundurinn skal auglýstur með sannarlegum hætti með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Tillaga um breytingu á skipulagsskrá Samfélagssjóðs Fljótsdals borin upp og samþykkt samhljóða. Formanni og verkefnastjóra falið að koma breytingu á skipulagsskrá ásamt greinargerð til Sýslumanns á Norðurlandi vestra.

4. Tímasetning aðalfundar 2024

Samþykkt að ársfundur samfélagssjóðs verði haldinn í Végarði í lok ágúst 2024, með fyrirvara um að breytingar á skipulagsskrá hafi verið frágengnar hjá sýslumanni Norðurlands vestra. Næsti stjórnarfundur verður haldinn á undan aðalfundi. Formanni og verkefnastjóra falið að undirbúa og auglýsa aðalfundinn.

5. Önnur mál

a) Úthlutun 2024

Samkvæmt breytingu á skipulagsskrá sem nú hefur verið samþykkt er ekki lengur krafa um að auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum amk. einu sinni á ári. Framangreind breyting mun taka gildi eftir auglýsingu í stjórnartíðindum. Stjórn gerir ekki ráð fyrir að auglýst verði eftir umsóknum um styrki á árinu 2024, einkum í ljósi þess að meirihluti verkefna úr síðustu úthlutun er ekki lokið.

b) Samningur við Austurbrú um umsýslu samfélagssjóðsins.

Verkefnisstjóra falið að framlengja fyrri samning frá 2023 um umsýslu sjóðsins, og að hann gildi fyrir árin 2024 og 2025.

Fundi slitið kl. 15.30

Fundargerð ritaði Páll Baldursson